



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Minjavörður Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

21. apríl 2026
MÍ202604-0097/ 6.09 / L.G.

Efni: Óveruleg breyting á deiliskipulags íbúðabyggðar og ofanflóðvarnargarða Urðir-Mýrar

Minjastofnun barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 10.04.2026 þar sem fram kom að Vesturbyggð óskaði eftir umsögn stofnunarinnar vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi, mál nr. 414/2026.

Hægt var að hlaða niður greinargerð, skipulagsupprætti sem og auglýsingu skipulagsins. Svæðið sem óskað er eftir skipulagsbreytingu á er í dag skilgreint sem opið svæði samkvæmt deiliskipulagi Ofanflóðagarða ofan Urða og Mýra á Patreksfirði og byggðar neðan þeirra og sem miðsvæði í aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035. Óskað er eftir að svæðið verði skilgreint sem íbúðalóð í deiliskipulagi svæðisins. Einnig eru gerðar lagfæringar á stærðum og afmörkun aðliggjandi lóða til samræmis við núverandi ástand.

Fornleifaskráning fór fram árið 2022 vegna þess að sveitafélagið hugðist skilgreina hluta þéttbýlisins sem Verndarsvæði í byggð. Byggingarreiturinn á Bjarkargötu 9 er hins vegar rétt utan skráningarsvæðisins, í norðvesturhluta Vatneyrartúnsins.

Árið 2000 fór fram skráning vegna sorpbrennslu, sú skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar Íslands en sú skráning gefur góða hugmynd um hvar minjar eru að finna. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir né skipulagsbreytingu.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærnlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Lísabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in cursive script, reading "Lísabet Guðmundsdóttir".

Lísabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

